



Borgarráð

Reykjavík, 13. apríl 2026

MSS26040024

Stuðningur við útgáfu bókar um fornleifarannsóknir og sögu Viðeyjar og Viðeyjarklausturs

Lagt er til að borgarráð samþykki að styðja útgáfu bókar um fornleifarannsóknir og sögu Viðeyjar og Viðeyjarklausturs, eftir Margréti Hallgrímsdóttur fornleifafræðing, með því að semja við Hið íslenska bókmenntafélag um kaup á eintökum bókarinnar að fjárhæð allt að 4.000.000 kr. Kaupin verði fjármögguð af liðnum ófyrirséð.

Greinargerð:

Í ár eru liðin 40 ár frá því að ríkið gaf Reykjavíkurborg Viðey að gjöf, ásamt þeim friðuðu og menningarlega verðmætu húsum sem þar er að finna. Í kjölfar gjafarinnar var ráðist í metnaðarfulla endurgerð á Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju. Samhliða þeim framkvæmdum fór fram umfangsmikil fornleifarannsókn á svæðinu, í samræmi við lög, sem hafði það að markmiði að varpa ljósi á byggðasögu og menningarminjar eyjarinnar.

Margrét Hallgrímsdóttir fornleifafræðingur stýrði fornleifarannsókninni í Viðey á árunum 1987–1995. Hún gegndi síðar starfi borgarminjavarðar í Reykjavík og embætti Þjóðminjavarðar Íslands og hefur átt ríkan þátt í uppbyggingu og miðlun menningararfs hér á landi. Rannsóknin í Viðey markaði tímamót í íslenskum fornleifafræðum og er enn heildstæðasta rannsókn sem gerð hefur verið á minjum klausturs sem stofnað var á þjóðveldisöld og starfaði samfellt fram að siðaskiptum.

Margrét mun á árinu ljúka doktorsprófi í fornleifafræði við Oslóar-háskóla þar sem doktorsverkefnið byggir á þessari rannsókn. Verkið fjallar að stórum hluta um sögu Viðeyjarklausturs, sem starfaði frá 1226 til 1539. Samhliða því ber við að í ár eru 800 ár liðin frá stofnun klaustursins, sem var eitt helsta trúar- og menningarsetur landsins á miðöldum og hafði veruleg áhrif á samfélagsþróun á Íslandi, m.a. á sviði menntunar, velferðar og innviðaupbyggingar.

Í samstarfi við Hið íslenska bókmenntafélag hyggst Margrét gefa út viðamikla og veglega bók sem byggir á doktorsverkefninu og miðlar niðurstöðum rannsókna hennar á aðgengilegan hátt til almennings. Rannsóknin hefur leitt í ljós einstakar heimildir, þar á meðal lífrænar leifar, sem varpa sjaldgæfu ljósi á starfsemi klaustra á Íslandi og í norðanverðri Evrópu. Sambærilegt heimildasafn er vart þekkt, hvorki hérlendis né á Norðurlöndum.

Í umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur er lögð rík áhersla á að um sé að ræða mikilvægan þátt í sögu Reykjavíkur, byggðan á rannsókn sem borgin stóð sjálf að. Safnið bendir jafnframt á að útgáfan muni með eðlilegum hætti kallast á við eldri rit um uppbyggingu Viðeyjar og binda lokahnúttinn á heildstæða umfjöllun um þær framkvæmdir og rannsóknir sem þar fóru fram. Útgáfan fellur jafnframt vel að framtíðarsýn borgarráðs fyrir Viðey, þar sem áhersla er lögð á rannsóknir, vernd og miðlun sögu eyjarinnar.

Með kaupum á eintökum bókarinnar styður Reykjavíkurborg við miðlun rannsókna sem borgin á sjálf beinan þátt í, eflir aðgengi að mikilvægri fræðilegri þekkingu og styrkir hlutverk sitt sem varðveitanda og miðlara menningararfs Viðeyjar.



Reykjavík



Fyrir liggur jákvæð umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur, dags. 10. apríl 2026, þar sem mælt er með því að Reykjavíkurborg styðji útgáfu bókarinnar.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur, dags. 10. apríl 2026.

Erindi Margrétar Hallgrímsdóttur til Reykjavíkurborgar.



Reykjavík

Umsögn

Viðtakandi: Borgarad Reykjavíkur

Sendandi: Borgarsögusafn Reykjavíkur

Efni: Umsögn um stuðning við útgáfu bókar um fornleifarannsókn í Viðey

Í ár má minnst tvennra stórmerkra tímamóta í sögu Reykjavíkur. Annars vegar eru liðin 800 ár frá því að klaustur var stofnað í Viðey. Klaustrið varð fljótt að einni mestu miðstöð landsins hvað varðar menningu og auð og segja má að þungamiðjan í sögu Reykjavíkur hafi um aldir verið í Viðey. Saga klaustursins í Viðey hefur ekki farið jafn hátt og ástæða væri til, því hún er afar mikil og merk.

Hin tímamótin eru þau að nú eru 40 ár liðin frá því að ríkið færði Reykjavíkurborg Viðey að gjöf í tilefni þess að Reykjavík fagnaði því að 200 ár voru liðin frá því að staðurinn fékk kaupstaðarréttindi. Í kjölfar þeirrar veglegu gjafar var ráðist í metnaðarfulla endurgerð Viðeyjarstofu og -kirkju. Samhliða þeim framkvæmdum fór fram, lögum samkvæmt, fornleifarannsókn er varpaði ljósi á sögu búsetu í Viðey, ekki síst tímans er klaustur var þar starfrækt, það er frá árinu 1226 til siðaskipta.


Óhætt er að segja að sú rannsókn hafi verið tímamótaverk í fornleifarannsóknnum á Íslandi og margt áhugavert komið í ljós. Þeir munir sem þar fundust í jörðu hafa nú verðir skráðir og nýverið komið til varðveislu á Þjóðminjasafni Íslands, líkt og lög gera ráð fyrir.

Nú liggur fyrir að Margrét Hallgrímsdóttir, sem stýrði rannsókninni á sínum tíma og gegndi svo embætti borgarminjavarðar og síðar þjóðminjavarðar við góðan orðstír, er að leggja lokahönd á úrvinnslu rannsóknarinnar og verður hún lögð fram sem doktorsverkefni í fornleifafræði við háskólann í Osló. Það er mikill áfangi og fagnaðarefni.

Margrét hyggst samhliða því gefa rannsóknina út í bók á vegum Hins íslenska bókmenntafélags og miðla henni á þann veg til almennings. Hér er um að ræða metnaðarfulla útgáfu, sem byggir á traustum akademískum grunni og útgáfufélagið er þekkt fyrir vönduð verk.

Margrét hefur óskað eftir því að Reykjavíkurborg komi að útgáfunni og styðji við hana. Það erindi verður að skoðast í ljósi þess að um er að ræða mikilvægan þátt í sögu Reykjavíkur, sem byggður er á rannsókn sem Reykjavíkurborg stóð fyrir, fyrir um 40 árum. Borginni er því málið skylt. Þess má geta að endurgerð Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju var gerð vönduð skil í gagnmerku riti Þorsteins Gunnarssonar arkitekts, sem gefið var út af Reykjavíkurborg árið 1997 og telst afar dýrmæt heimild. Því má segja að þetta tímabæra verk um fornleifarannsóknina kallist á við þá bók og bindi á vissan hátt lokahnútinn á uppgjöri við þær framkvæmdir.

Nýverið samþykkti borgarráð framtíðarsýn fyrir Viðey, þar sem m.a. var vikið að rannsóknnum á sögu Viðeyjar. Þetta verk er einmitt miðað að því að varpa ljósi á sögu Viðeyjar og gera hana aðgengilega og fellur þannig að þeirri sýn sem þar var mótuð. Borgarsögusafn fagnar þessari útgáfu og leggur til að Reykjavíkurborg styðji við hana.



Guðbrandur Benediktsson

Safnstjóri Borgarsögusafns Reykjavíkur

Reykjavík
16. desember 2025

Til borgarstjóra Reykjavíkur og borgarráðs.

Með bréfið þessu er óskað eftir aðkomu Reykjavíkurborgar að útgáfu bókar um sögu Viðeyjar og Viðeyjarklausturs sem byggir á viðamikilli fornleifarannsókn sem mér var falið að stýra fyrir hönd Reykjavíkurborgar á árunum 1987-1995. Á þeim tíma gegndi ég embætti borgarminjavarðar og forstöðumanns Minjasafns Reykjavíkur, en því starfi gengdi ég frá 1987 til ársins 2000 er ég tók við embætti þjóðminjavarðar.

Aðdragandi rannsóknarinnar var að árið 1986, á 200 ára kaupstaðarafmæli Reykjavíkurborgar, ákvað þáverandi ríkisstjórn að afhenda höfuðborginni Viðey til eignar ásamt hinum sögulegu byggingum Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju, sem báðar voru friðlýstar og höfðu fram að því verið í vörslu Þjóðminjasafns Íslands. Tilurð rannsóknarinnar voru endurbætur hinna friðuðu húsa sem voru reist að tilhlutan stjórnvalda í Kaupmannahöfn um miðja 18. öld, eða tveimur öldum eftir að klausturstarf í eyjunni lagðist af.

Í ár eru 800 ár liðin frá því Viðeyjarklaustur var stofnað árið 1226. Klaustrið starfaði óslitið í rúmar þrjár aldir eða allt til siðaskipta þegar Danakonungur tók yfir umfangsmiklar eignir þess. Klaustrið í Viðey var stofnað á þjóðveldisöld, á tímum mikillar ólgu í stjórnámálum á Íslandi. Stofnendur Viðeyjarklausturs voru einhverjir helstu áhrifamenn landsins á þessum tíma, Þorvaldur Gissurarson og Snorri Sturluson og nutu þeir stuðnings Skálholtsbiskups. Á stofnári klaustursins geisuðu að auki jarðeldar á Reykjanesskaga, í nágrenni Viðeyjar. Vera má að þessar náttúruhamfarir hafi gefið klausturstofnuninni aukinn byr hjá ráðamönnum og almenningi í grennd við eldana. Viðeyjarklaustur starfaði sem ein helsta miðstöð menningar og valds í Sunnlendingafjórðungi og eignaðist á annað hundrað jarðir, flestar í landi Reykjavíkur. Rannsóknin leiddi í ljós einstakar niðurstöður í innlendu sem norrænu samhengi um samfélagsþróun á miðöldum og við siðaskiptin þegar umfangsmikil eignatilfærsla náttúruauðlinda átti sér stað þegar eignir Viðeyjarklausturs og annarra klaustra urðu eign konungs.

Ég er nú að leggja lokahönd á handrit bókar um niðurstöður rannsóknarinnar sem ég hef unnið að um árabíl meðfram öðrum störfum. Hið íslenska bókmenntafélagið hefur ákveðið að gefa út bókina í ár þegar 800 ár eru liðin frá stofnun Viðeyjarklausturs og 40 ár frá því ríkið afhenti Viðey á afmælisári Reykjavíkurborgar. Útgáfan hefur þegar hlotið kr. 4 m.kr. útgáfustyrk frá Augustínussjóðnum í Danmörku vegna menningarsögulegra tengsla Danmerkur og Íslands sem birtist í merkri sögu Viðeyjar.

Í bókinni verður gerð grein fyrir sögu Viðeyjarklausturs og byggðasögu Viðeyjar frá 10. öld og fram að byggingu Viðeyjarstofu og kirkju sem byggir á þeim einstöku heimildum sem rannsóknin leiddi í ljós og varpa ljósi á sögu Viðeyjarklausturs og samhenig hennar við sögu annarr klaustra á Íslandi og Norðurlöndum. Þess má geta að Þorsteinn Gunnarsson arkitekt ritaði vandaða bók um sögu og endurgerð hinna sögulegu bygginga sem gefin var út á vegum Reykjavíkurborgar árið 1997. Hér er hins vegar um að ræða útgáfa á heildarniðurstöðum fornleifarannsóknarinnar sem fóru fram í tengslum við þá framkvæmd.

Uppgröfturinn markaði tímamót í fornleifarannsóknum á Íslandi og er rannsóknin enn sú heildstæðasta á minjum klausturs sem stofnað var á þjóðveldisöld og starfaði fram að siðaskiptum. Saga Viðeyjarklausturs er margbrotin og endurspeglar í raun samfélagsþróun á Íslandi á sviði innviðaupbyggingar, meðal annars velferðar og menntunar.

Fornleifarannsóknin í Viðey á vegum Reykjavíkurborgar stendur mér nærri og því er það mér mikið kappsmál að útgáfan á niðurstöðum hennar verði vönduð og góð, þannig að þessi merka saga höfði til og nái til sem flestra. Með því vil ég einnig gera göng uppgraftarins aðgengileg öðrum fræðimönnum til frekari rannsókna. Það er eindregin ósk mín að Reykjavíkurborg taki vel í það erindi mitt að styðja við útgáfuna á þessu verki með kaupum á eintökum bókarinnar.

Virðingarfyllst,

